

Ed.

662. Frumvarp til laga

[230. mál]

um Iðnþróunarstofnun Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. marz.)

1. gr.

Iðnþróunarstofnun Íslands er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins.

2. gr.

Markmið Iðnþróunarstofnunar Íslands er að efla íslenzkan iðnað og iðnþróun. Verkefni Iðnþróunarstofnunar Íslands eru m. a. eftirfarandi:

1. Að vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í málum, sem iðnað varða.
2. Að efla samvinnu stofnana og félagssamtaka, sem að iðnaðarmálum vinna.
3. Að stuðla að rannsóknum í iðnaði til aukinnar framleiðni.
4. Að stuðla að eflingu nýrra iðngreina og fjölpættara atvinnulífi til atvinnuöryggis, þar á meðal stóriðju á grundvelli hagnýtingar orkulinda landsins.
5. Að kynna nýjungar í iðnaði og annast ráðgjafastarfsemi og leiðbeiningaþjónustu, t. d. með rekstri bóka- og kvikmyndasafns og útgáfu fræðslurita og tímarits og leiðbeininga- og kynningastarfsemi fyrir hönnun iðnvarnings.
6. Að annast námskeiða- og fyrirlestrahald um tæknileg og rekstrarfræðileg efni og stuðla að endurbótum á fræðslustarfsemi í þágu iðnaðarins í samvinnu við starfandi menntastofnanir og aðra, sem vinna að slíkum málum.
7. Að sjá um skipulagningu, stjórn og framkvæmd stöðlunarmála.
8. Að vinna að öðrum iðnþróunarmálum eftir því, sem Iðnþróunarráð ákveður hverju sinni.
9. Að aðstoða hugvitsama einstaklinga og félög við það að koma á framfæri (hanna og vernda) tækninýjungum, sem gætu stuðlað að bættri eða nýrri framleiðslu á sviði iðnaðar.

3. gr.

Iðnþróunarráð skal vera ráðgefandi aðili fyrir Iðnþróunarstofnun Íslands. Skal það skipað af iðnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, en hann er jafnframt formaður ráðsins.

Eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann í Iðnþróunarráð:

Alþýðusamband Íslands,  
Efnahagsstofnunin,  
Félag íslenzkra iðnrekenda,  
Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins,  
Framkvæmdasjóður Íslands,  
Háskóli Íslands,  
Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík,  
Iðnaðarráðuneyti,  
Iðnlánasjóður,  
Iðnþróunarsjóður,  
Landssamband iðnaðarmanna,  
Landsvirkjun,  
Orkustofnun,  
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,  
Rannsóknastofnun iðnaðarins,  
Samband íslenzkra samvinnufélaga,  
Seðlabanki Íslands,

Samband iðnskóla á Íslandi,  
Tækniskóli Íslands,  
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins,  
Verzlunarráð Íslands,  
Vinnuveitendasamband Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

4. gr.

Iðnaðarráðherra skipar úr hópi iðnþróunarráðsmanna fimm manna framkvæmdastjórn til fjögurra ára, sem annast í umboði ráðsins meðferð þeirra mála, sem stofnunin vinnur að á hverjum tína, þar af tvo samkvæmt tilnefningu Iðnþróunarráðs. Ráðherra skipar formann framkvæmdastjórnar, en hún skiptir með sér verkum að öðru leyti. Ef stjórnarmaður forfallast, skipar ráðherra annan í hans stað. Ráðherra ákveður laun framkvæmdastjórnar.

Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra Iðnþróunarstofnunar Íslands að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um fjárreiður hennar. Framkvæmdastjórn ber að gera ársskýrslu um störf Iðnþróunarstofnunar Íslands.

Annað starfslið stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóri með samþykki framkvæmdastjórnar.

5. gr.

Iðnþróunarráð skal koma saman ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á ári. Ráðið er ólaunað. Það heldur gjörðabók um störf sín.

6. gr.

Rekstrarkostnaður Iðnþróunarstofnunar Íslands greiðist úr rikissjóði, og sé fé veitt til þess í fjárlögum.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 4 frá 1. marz 1962, um Iðnaðarmálastofnun Íslands, enda tekur Iðnþróunarstofnun Íslands við starfsemi, eignum og skuldbindingum Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.